

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Hrunamannahrepps.

1. gr.

Vatnsgjald.

Vatnsgjald er 0,21% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða, þó að hámarki 63.630 kr. og að lágmarki 42.967 kr.

Vatnsgjald atvinnuhúsnæðis skal vera 0,15% af fasteignamati þó að lágmarki 71.000 kr.

Vatnsgjald sumarhúsa skal vera 42.965 kr.

Gjald fyrir byggingavatn skal vera 170 kr. á dag.

2. gr.

Heimæðargjald.

Lágmarksheimæðargjald vatnsveitu í þéttbýlinu á Flúðum er kr. 252.750, miðað við 25 mm þvermál rörs og allt að 25 m lengd heimæðar. Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagir hafi verið lagt á frostfrítt dýpi frá tengistað við lóðamörk að inntaksstað mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út af starfsmönnum veitunnar. Miðað skal við að lengd heimæðar fari ekki yfir 25 m. Fyrir lengd umfram 25 m greiðist viðbótargjald.

Heimæðargjaldið hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar sem hér segir:

<i>Þvermál rörs</i>	<i>Verð</i>	<i>Verð á metra umfram 25 m</i>
25 mm	252.733	4.256
32 mm	341.538	4.404
40 mm	443.981	6.261
50 mm	599.392	6.938
63 mm	839.119	7.716
70 mm	1.216.722	8.632

Byggingavatn:

<i>Byggingavatnaskrani til og með 50 mm</i>	<i>Verð kr.</i>
Uppsettur byggingavatnaskrani, heildarvinna	93.484
Aftenging byggingavatnskрана, yfirborð frágengið	81.175

Verðið gildir þegar tengt er við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðamörk. Veitan leggur til búnað við tengingu byggingavatns. Greitt er daggjald fram að aftengingu. Byggingavatnaskrani er aftengdur um leið og heimtaug er tengd inn í hús og þá er ekki greitt sérstaklega fyrir aftengingu. Við aðrar aðstæður og stærri tengingu en 50 mm er tenging gjaldfærð í samræmi við raunkostnað.

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimtaugagjaldi. Fyrir hverja aukagrind greiðist 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar.

3. gr.

Notkunargjald.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal auk vatnsgjalds greiða sérstakt notkunargjald. Notkunargjald skal notandi að jafnaði greiða samkvæmt notkun vatns mældri í rúmmetrum. Notkunargjald er 34 kr./m³.

Fyrir rennismæla skal greidd mælaleiga á ári eftir stærð mælis:

15 mm	11.549 kr.
20 mm	11.760 kr.
25 mm	15.168 kr.
32 mm	16.460 kr.

50 mm	24.965 kr.
80 mm	65.338 kr.

4. gr.

Stofngjald.

Stofngjöld vatnsveitu utan þéttbýlis skal reikna sérstaklega og miðað við að þau standi undir öllum kostnaði við verkið. Skulu gjöldin greiðast að fullu við upphaf verks samkvæmt kostnaðaráætlun. Við verklok fer fram uppgjör sem leitt getur til frekari greiðslna eða endurgreiðslna.

5. gr.

Gjald dagar.

Gjald dagar vatnsgjalds eru þeir sömu og ákveðnir eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

6. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af veitustjórn Hrunamannahrepps 21. nóvember 2022 og sveitarstjórn Hrunamannahrepps 15. desember 2022 samkvæmt heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Gjaldskráin tekur þegar gildi og fellur þá úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsveitu Hrunamannahrepps nr. 1454/2021.

Hrunamannahreppi, 16. desember 2022.

Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 4. janúar 2023